# DAGSKRÁIN
## FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2604 Síðan 1968 54. árgangur | Miðvikudagur 30. júní 2021 | Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is Eyravegi 25 · 800 Selfoss





# Þór Þorlákshöfn Íslandsmeistarar 2021

*Þór Þorlákshöfn tryggði sér Íslandsmeistaratitillinn í fyrsta sinn í sögu félagsins sl. föstudag. Mikil gleði braust út í Icelandic Glacial-höllinni í Þorlákshöfn þegar leiktíminn rann út. Meira er fjallað um Íslandsmeistarartitil Þórsara inni í blaðinu. Mynd: Bára Dröfn Kristinsdóttir.*

# Jónsmessan á Eyrarbakka fór vel fram í afbragðsveðri

Einn af stærri viðburðum á Eyrarbakka á hverju sumri, að því seinasta undanskildu, er Jónsmessuhátíðin. Bæjarbragurinn tekur kipp, íbúar skreyta bæinn og ýmsa viðburði má sækja heim. Leikar hófust snemma morguns í blíðskaparveðri með jógastund. Eggert Valur bauð frían ís fyrir börnin í verslunninni Bakkanum. Lýður Pálsson opnaði dyr að söfnum í bæjarfélaginu og bauð fólki að skoða sýningarnar ókeypis. Krakkarnir sátu svo stillt og prúð undir sýningunni Ævintýrið sem leikhópurinn Vinir settu á stokk undir berum himni. Kaffisala, leiktæki, slökkviliðsbílar, sætisferðir á hestvagni, kjötsúpa, þrautabrautir, brennó og fleira og fleira.

### Brenna og árvisst ball

Klukkan 20 var brennan tendruð og hefðbundin brennudagskrá fór fram. Setning var í höndum Charlotte Sigrid á Kósini. Þá flutti Guðmundur Ármann hátíðarræðu. Elín Karlsdóttir, nemandi í BES og sigurvegari í söngkeppni Samzel söng lagið Galaxy. Brennustjóranum Brynjari Erni var svo hleypt af stað með rokeldspýturnar sem honum höfðu áskotnast fyrr um daginn eftir mikla leit og kveikti upp í brennunni af myndarskap. Þegar brennan var af stað komin leiddi Gunnar Geir sönginn og viðstaddir tóku undir. Þegar fór að sjást í botn á pelanum dreif fólkið sig í kjallarann á Rauða



húsinu, en gleðskapurinn stóð fram eftir kvöldi fyrir þá sem ekki fóru snemma í háttinn eftir langan dag.

-gpp







DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Nýjar fréttir á hverjum degi!

LISTASAFN ÁRNESINGA



Verið velkomin á opnun sýningarinnar:
HAFIÐ kemst vel af án okkar.

Laugardaginn 3. júlí klukkan 15:00, boðið verður upp á léttar veitingar.

Listamenn:

*Guðrún Gunnarsdóttir & Inger-Johanne Brautaset.*

Sendiherra Noregs á Íslandi *Aud Lise Norheim* mun opna sýninguna og styrkir sendiráðið einnig opnunina.

Sjá nánar á www.listasafnarnesinga.is

SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS

# Ókeypis tíðavörur í Grunnskólanum í Hveragerði

Fyrir bæjarstjórn Hveragerðisbæjar lá tillaga frá fulltrúum Okkar Hveragerðis um að bæjarfélagið legði til fjármagn vegna kaupa á tíðavörum fyrir nemendur Grunnskólans í Hveragerði frá og með næsta hausti. Tillagan var samþykkt samhljóða. Í bókun Okkar Hveragerðis kemur fram að: *„Ísafjarðarbær og Skagafjörður hafa bæst í hóp þeirra sveitarfélaga sem hyggjast bjóða upp á ókeypis tíðavörur í öllum grunnskólum og félagsmiðstöðvum í haust. Það er, dömubindi og túrtappa. Í mars ákvað borgarstjórn Reykjavíkur að bjóða upp á slíkt hið sama. Í fleiri sveitarfélögum, eins og Hafnarfirði og Múlaþingi, er það til skoðunar að gera tíðavörur gjaldfrjálsar í skólum. Umræða um kostnað við tíðavörur í samhengi við jafnrétti kynjanna hefur verið hávær undanfarin ár og teljum við mikilvægt að bregðast við og ganga í lið með þeim sveitarfélögum sem nú þegar hafa farið þessa leið."*



*mynd: freepik.com*

### Feministafélag skólans kom boltanum af stað

Nemendur Grunnskólans í Hveragerði starfrækja Femínistafélag innan skólans, en félagið hefur m.a. safnað fyrir og eða fengið gefins tíðavörur frá fyrirtækjum. Nokkuð óhagræði þykir með fyrirkomulagið, en ekki er hægt að velja gerðir, stærðir og annað með þessum hætti. Þá lýsir félagið sig reiðubúið til að halda utan um innkaup og úthlutun í samstarfi við skrifstofu skólans.

### Svona frumkvæði mikilvægt

„Við hér í Hveragerði höfum alltaf kunnað að meta það þegar krakkar sýna frumkvæði og koma ábendinum um það sem betur má fara á framfæri. eða Það er mikilvægt að grípa þetta frumkvæði og sýna nemendum að við viljum vinna með þeim að þeim hugðarefnum og málum sem á þeim brenna, stórum sem smáum", segir Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri hveragerðisbæjar um verkefnið. *-gpp*




Taktu þátt og láttu gott af þér leiða!

**Styrkleikarnir** verða haldnir í fyrsta skipti á Íslandi á Selfossi dagana 4. og 5. september. Við þurfum frábæra einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn til þess að hjálpa okkur við skipulagningu og framkvæmd.

**Styrkleikarnir** snúast um að styðja við, heiðra eða minnast þeirra sem hafa fengið krabbamein.

Komdu á kynningarfund hjá Krabbaeinsfélagi Árnessýslu, Eyrarvegi 31, miðvikudaginn 30. júní kl. 17:00.

styrkleikarnir.is. Krabbameinsfélagið

# „Upplifun sem ég gleymi aldrei!"

Styrkleikarnir fara fram á Selfossi dagana 4.-5. september en um er að ræða alþjóðlegan viðburð sem lítur dagsins ljós á Íslandi í fyrsta sinn. Á ensku heitir viðburðurinn *Relay for Life* og var fyrst haldinn í Bandaríkjunum árið 1985. Núna eru yfir 30 lönd með yfir 4000 viðburði árlega út um allan heim.

Eva Íris Eyjólfsdóttir er verkefnisstjóri Styrkleikana en hún tók þátt í skipulagningu viðburðarins í Noregi árin 2018 og 2019. Hafði sú reynsla djúpstæð áhrif á Evu. „Þetta var ótrúleg upplifun sem ég gleymi aldrei," segir Eva og heldur áfram. „Þetta er sólarhringsviðburður sem er táknrænn á þann hátt að þau sem greinast með krabbamein þurfa að glíma við sinn sjúkdóm allan sólarhringinn, það er aldrei frí." Styrkleikarnir fara fram í nágrenni við íþróttavelli eða útivistarsvæði og þar er skapað sérstaklega fjölskylduvænt umhverfi. „Já, það er alltaf eitthvað um að vera. Þátttakendur taka þátt sem lið, þannig þetta er kjörið fyrir vinnustaði, fyrir íþróttafélög, saumaklúbba eða vinahópa til að taka þátt og sýna samstöðu. Einstaklingar geta að sjálfsögðu líka skráð sig og eru þá í Landsliðinu."

Einstaklingarnir í liðunum skipta með sér sólarhringum og gæta þess að einhver er á hreyfingu með keflið allan tímann. „Þetta er þó ekki keppni, heldur vettvangur þar sem hægt er að sýna samstöðu," segir Eva. „Hver sem er getur gengið á sínum hraða. Á milli þess sem fólk tekur sína vakt er hægt að taka þátt í alls konar gleði og glensi, ævinlega er eitthvað gott að borða og allir ættu að finna eitthvað við hæfi." Þegar tekur að rökkva er sérstök ljósaathöfn sem er tilfinningaríkt sjónarspil sem hefur sérstaka þýðingu fyrir þátttakendur í Styrkleikunum. Þá er kveikt á kertum sem eru sett í hvíta poka og á pokana má sjá hjartnæm skilaboð til ástvina sem hafa glímt við krabbamein, til ástvina sem hafa jafnvel fallið frá eftir krabbamein og auðvitað allra aðstandenda og heilbrigðisstarfsmanna. „Það er einstök stund og á margan hátt hápunktur viðburðarins. Þar finnurðu samstöðu og samkennd sem fyrirfinnst hvergi annars staðar."

Eva leitar nú að sjálfboðaliðum og þátttakendum á Suðurlandi og víðar. Krabbameinsfélag Árnessýslu er lykilsamstarfsaðili í skipulagningu viðburðarins og ætlar félagið að standa fyrir kynningarfundi í húsakynnum sínum við Eyrarveg 31, miðvikudagskvöldið 30. júní kl. 17. Þar verður heitt á könnunni og eru allir Sunnlendingar sérstaklega velkomnir. „Já og bara allir," segir Eva. „Okkur fannst Selfoss vera kjörinn staður fyrir Styrkleikana og við erum himinlifandi að bæjarfélagið hafi tekið okkur opnum örmum." segir Eva að lokum

Á *www.styrkleikarnir.is* má finna nánari upplýsingar.



*Elínborg Jóna Ólafsdóttir, Sigrún Elva Einarsdóttir, Eva Íris Eyjólfsdóttir og Halla Þorvaldsdóttir, undirbúningur hafinn fyrir Styrkleikana, margar hendur vinna létt verk.*



# BUXNADAGAR

**AFSLÁTTUR AF BUXUM FRÁ 29. JÚNÍ - 7. JÚLI**

Vefverslun okkar er www.tiskuverslun.is
Afsláttarkóði er **BUXUR20**

**LINDIN**
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800




## VELKOMIN Í HÓPINN!

Nýr og glæsilegur Ísey Skyrbar opnar hjá N1 í Hveragerði í júlí. Við leitum að kraftmiklum og áreiðanlegum liðsfélögum til framtíðarstarfa til að takast á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni.

Ráðið verður í afgreiðslu- og hlutastörf auk stöðu vaktstjóra. Unnið er á vöktum.

### ALMENN AFGREIÐSLA

**Helstu verkefni:**
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Kröfur:**
- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og góð samskiptafærni
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

### VAKTSTJÓRI

**Helstu verkefni:**
- Stjórnun starfsmanna á vakt
- Þjálfun starfsmanna
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Kröfur:**
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og góð samskiptafærni
- 22 ára eða eldri

Nánari upplýsingar veitir Jónína K. Kristinsdóttir.
S: 899-9495; ninna@n1.is.

ísey SKYR BAR

SUPER **TASTY** SUPER **HEALTHY** SUPER **DAIRY**

**RISAPRENTUN**

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

SÍMI 482 1944 - SELFOSS@PRENTMETODDI.IS - WWW.PRENTMETODDI.IS



# Öryggis og umferðarmál í sveitarfélaginu Árborg



Mynd: Gunnar Páll Pálsson

Sú var tíðin að hér voru nefndir eins og umferðarnefnd, atvinnumálanefnd og áfengisvarnarnefnd svo dæmi séu tekin. Tímarnir breytast og nefndir eru lagðar niður og aðrar sameinaðar öðrum nefndum, sumt til góðs og annað ekki eins og gengur. Í síðustu viku var tekin fyrir tillaga frá mér í bæjarráði Árborgar um *„stofnun starfshóps til þess að yfirfara gatnamerkingar og öryggisatriði á umferðargötum sveitarfélagsins Árborgar og koma með tillögur til úrbóta“* eins og ég orðaði það, samfélagi okkar til heilla. Í vaxandi sveitarfélagi er nauðsynlegt að vera á tánum varðandi öryggismál í heild sinni vegna gangandi, hjólandi og hlaupandi vegfarenda. Skipulag og umgjörð hesta og manna og núna þess nýjasta rafhjólanna sem og skipulag bílaumferðar. Ég hitti mikið af fólki og fæ margar ábendingar um skipulag þessara mála bæði þess sem vel er gert og einnig það sem mætti bæta til að auka öryggi. Starfshópur þessi gæti unnið með íbúunum, hverfisráðunum okkar og fleirum til þess að finna út hvað mætti bæta og gera betur og vinna hratt. Við mig hefur verið nefnt og ég skoðað sjálfur fyrirkomulag gangbrauta við Austurveg á Selfossi til móts við Fossnesti (KFC) eins og við eldri íbúar köllum svæðið, íbúar á Langanesi eða handan ár á Selfossi þar sem umferð hefur aukist mjög vegna útivistarperlunnar okkar í Hellisskógi og einnig hraðakstur í gegnum hverfið. Við Engjaveg á móts við Sigtún er mikil gangandi umferð úr Haga-Engja-Rima og nýrri hverfunum yfir Engjaveg um Sigtún áleiðis í Sigtúnsgarð og miðbæinn og má þar litlu muna að ekki hafi orðið stórslys og er brýnt að fá þar gangbraut. Víða er óskað hraðahindrana til að draga úr umferðarhraða og bæta merkingar. Svona mætti lengi telja og slíkur starfshópur myndi taka utan um þetta verkefni og koma með tillögur til úrbóta. Öryggi



Mynd: Kjartan Björnson

gangandi vegfarenda eins og við grunnskólana í öllu sveitarfélaginu, í og við stoppistöðvar strætó og fleira er vert að skoða. Ég á sæti sem bæjarfulltrúi í hverfisráði Sandvíkurhrepps sem áheyrnarfulltrúi og hafar þar komið til tals öryggismál í tengslum við vegfarendur og umferð. Með öryggismál í öndvegi gerðum við samning árið 2016 við Vegagerðina um göngu og hjólastíg milli Eyrabakka og Selfoss og er það verkefni komið talsvert á veg. Fjörustíg milli Stokkseyrar og Eyrarbakka og gerð hans hófum við um 2012 og er hann kominn í gott stand. Mikilvægt er að tryggja gott og öruggt göngu- og hjólastígakerfi í sveitarfélaginu í þeirri útivistar og hreyfingabylgju sem ríkir. Á Selfossi hefur á liðnum árum verið byggt upp gott göngustígakerfi og hægt og bítandi hafa verið endurbættir stígarnir í eldri hverfum. Skipulag umferðar í og við Austurveg á svo eftir að breytast þegar ný brú kemur við Laugardælur og verður þá gott tækifæri til þess að endurskipuleggja gangandi, hjóla og bílaumferð í heild sinni með öryggi að leiðarljósi. Tillögu minni var vísað til umfjöllunar í eigna- og veitunefnd og vonandi fáum við vitræna og góða niðurstöðu í málið íbúunum til hagsbóta sem allra fyrst.

*Kjartan Björnsson*
*bæjarfulltrúi D lista*
*í Sveitarfélaginu Árborg.*



Mynd: Kjartan Björnson

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
**Ritstjóri:** Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
**Auglýsingar:** Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag: 8700 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

*Ég læt fjöll og eyjar hækka.*
*Af mér vanginn lýti fær.*
*Ég get látið augað smækka.*
*Ég er blómjurt heimakær.*

Svar við gátu í blaði 2603: NÁMA.
1. lína: Landnáma - 2. lína: Kolanáma
3. lína: Gull/Demantsnáma
4. lína: Silfurbers/Helgustaðanáma

# Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er að þessu sinni enginn annar en Ari Svansson.

Ég vil byrja á því að þakka litla frænda fyrir þessa miklu áskorun.

Grillið verður oftast fyrir valinu í þau skipti sem ég elda á mínu heimili svo það liggur beinast við að koma með eitthvað á það.



Ari Steinar Svansson

### Heimasmíðaðir hamborgarar

**Hráefni**

500 gr. nautahakk.
4-6 sneiðar beikon.
1/2 piparostur.
1 stk. egg.
Dass af truffluolíu og bbq sósu
Salt og hamborgarakrydd eftir smekk

**Aðferð**

1. Skera beikon í litla bita og steikja.
2. Rífa ostinn með rifjárni.
3. Muna að brjóta eggið.
4. Svo er öllu blandað vel saman við hakkið og einfaldar það lífið mikið að fara í einnota hanska áður.
5. Hnoða í vegleg buff að lágmarki 250 gr. Annað er bara forréttur.
6. Smella þeim á sjóðheitt grillið, þar má pensla með bbq sósu fyrir þá sem það vilja og ekki skemmir fyrir að hafa einn bauk úti við á grilli.
7. Svo er bara að hleypa hugmyndafluginu af stað í vali á meðlæti.

Þar sem ég er mun meira fyrir eftirrétti en frændi þá mæli ég með grilluðum bönunum með súkkulaði eftir smekk, en suðusúkkulaði er samt það eina sem passar. Svo þarf auðvitað að hafa Kjörís með.

Ég skora á mikinn boltakastara og frænda minn Teit Örn Einarsson.

Skorað er á **Teit Örn Einarsson.**

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*

# Kristófer ráðinn sviðsstjóri í Bláskógabyggð

Sjö umsóknir bárust í starf sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar. Það voru þau Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri og Helgi Kjartansson, oddviti sem stýrðu ráðningarferlinu. Alls voru þrír umsækjendur sem best þóttu standast þær hæfnikröfur sem settar voru fram í auglýsingu og voru boðaðir í viðtal. Á fundi sveitarstjórnar fór Ásta yfir ráðningarferlið og lagði fram greinargerð og mat á þeim þremur umsækjendum sem komu í viðtal. Í mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar segir að í ljósi umsókna, gagna og greinargerða sem lögð hafi verið fyrir sveitarstjórnina telji sveitarstjórn að Kristófer Arnfjörð Tómasson sé hæfastur umsækjenda til að gegna starfi sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs. Því þakkar sveitarstjórn góðar umsóknir og áhuga á starfinu. Í samtali við Kristófer kemur fram að starfið leggi mjög vel í hann. „Verksviðið er býsna víðtækt og mér sýnist liggja fyrir mörg spennandi verkefni. Gamli



Tungnamaðurinn þekkir starfssvæðið býsna vel og fagnar því að vera kominn aftur á heimaslóðir.“

„Við erum mjög ánægð með að fá Kristófer til starfa hjá okkur í Bláskógabyggð. Við stöndum í miklum framkvæmdum og á næstu árum eru fyrirhugaðar enn meiri nýframkvæmdir og því var mikilvægt að fá einstakling í þetta starf með víðtæka og góða reynslu á verkefnum sveitarfélaga. Menntun og starfsreynsla Kristófers mun nýtast okkur vel, eins er hann vel kunnugur staðháttum, allt skiptir þetta máli,“ segir Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar þegar Dagskráin náði tali af honum. *-gpp*

# ODDAHÁTÍÐ 3. JÚLÍ

Í tilefni af 30 ára afmæli Oddafélagsins á síðasta ári bjóðum við til mikillar tónlistarhátíðar í Odda á Rangárvöllum laugardaginn 3. júlí. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands, undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar ásamt Kvennakórnum Ljósbrá, Karlakór Rangæinga, félögum úr Kammerkór Rangæinga og Eyjólfi Eyjólfssyni einsöngvara.

Gestum stendur til boða að kaupa 30 ára afmælismerki félagsins til styrktar undirbúningi að uppbyggingu Sæmundarstofu, menningar- og fræðaseturs í Odda.











## Dagskrá

**10:20** Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra opnar Oddabrú ásamt forstjóra Vegagerðarinnar og sveitarstjóra Rangárþings ytra. Séra Elína Hrund Kristjánsdóttir vígir brúna.

**11:00** Helgistund í Oddakirkju. Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir.

**11:45** Veitingar í veislutjaldi. Kvenfélag Oddakirkju.

**12:15** Ágúst Sigurðsson, formaður Oddafélagsins, setur hátíðina.

**12:30** Ávarp Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra.

**13:00** Sinfóníuhljómsveit Suðurlands ásamt Eyjólfi Eyjólfssyni einsöngvara, Kvennakórnum Ljósbrá, Karlakór Rangæinga og félögum úr Kammerkór Rangæinga undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.

Í lok tónleikanna frumflytur hljómsveitin og kórarnir nýtt lag Gunnars Þórðarsonar við kvæði Matthíasar Jochumssonar: Á Gammabrekku.

**Oddahátíð lýkur um kl. 14.**

SAPIENTIA TENEBRAS VINCIT

ODDAFÉLAGIÐ

félag um menningar- og fræðasetur í Odda

stofnað 1990 oddafelagid.is


Fjármála- og trygginga-ráðgjöf á einum stað í útibúum Arion banka

Þú getur hitt ráðgjafa frá Verði í útibúum Arion banka á Höfða, Smáratorgi, Selfossi og í Borgarnesi.

Pantaðu fund í útibúi eða fjarfund á arionbanki.is.

arionbanki.is

vörður

# Heiður að vera valinn á landsliðsæfingar HSÍ

Síðastliðna helgi fór fram handboltaskóli HSÍ og Alvogen í TM í Garðabæ. Þátttakendur í þetta skiptið voru stúlkur og drengir fædd 2008. Eins og undanfarin ár tilnefndu aðildarfélag HSÍ fjóra leikmenn af hvoru kyni til æfinganna og æfðu krakkarnir fjórum sinnum saman yfir helgina.

Alls voru 8 ungmenni sem fóru frá Handboltadeildinni á Selfossi um helgina en það voru Anna Bríet Jóhannsdóttir, Brynhildur Ruth Sigurðardóttir, Inga Dís Axelsdóttir, Vigdís Anna Hjaltadóttir og Árni Gunnar Sævarsson, Gunnar Hrafn Birgisson, Hjálmar Vilhelm Rúnarsson og Jón Þórarinn Hreiðarsson. Allir stunda þessi krakkar handboltaæfingarnar af kappi allan veturinn og er því þetta sannkallaður heiður að vera valinn á landsliðsæfingar HSÍ.








**Boggugarðar**

- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

Erum á Facebook

**Sólborg Ósk Kragh**
GARÐYRKJUFRÆÐINGUR

Sími 895 2766
solborgosk@gmail.com






Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**

**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**

**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

**Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is**


†



Þökkum einstakan hlýhug, samúð og vináttu við andlát elskulegrar móður minnar, tengdamóður og ömmu,

**Þorbjörgar Sigurðardóttur**
**(Obbu)**

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum á Selfossi.

**Sigurður K. Kolbeinsson** **Edda D. Sigurðardóttir**
**Eva Katrín Sigurðardóttir** **Kristján Þór Gunnarsson**
**Andrea Þ. Sigurðardóttir**
**Kristín E. Sigurðardóttir** **Þorsteinn B. Þorsteinsson**

# Eldgos!

Hannyrðabúðin státar af því að þjóna öllum sem hafa yndi af hannyrðum og ekki síst útsaumi. Við leggjum metnað í að vera með mikið úrval af hverskyns efnum í metratali og í bútum og útsaumsgarni af öllum gerðum sem og munstrum og bókum og öðru sem tilheyrir.

Hér fylgir lítið munstur sem sauma má út með krosssaumi og gera meðal annars að mynd eða púða og fer þá stærðin eftir því hvaða grófleiki er valinn af efni. Ef t.d. er valinn súdan strammi sem er með 2,5 spor á sm verður myndin um 14 x 17 sm að stærð. Ef hinsvegar er valið að sauma út í aida efni eða stramma sem er með 5 spor á sm verður hún helmingi minni eða 7 x 8,5 sm.

Við erum ávallt tilbúnar að hjálpa við undirbúninginn og þetta verkefni hentar bæði fyrir byrjendur og lengra komna.



*Hönnun: Alda Sigurðardóttir*

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

# Hugsað sér til skilnings - Kennsluaðferðin hugsandi skólastofa

Við unglingastig Grunnskólans í Þorlákshöfn störfum við tveir stærðfræðikennarar, Ragnar Örn Bragason og Ingvar Jónsson. Fyrir um tveimur árum sátum við fyrirlestur um kennsluaðferð sem okkur fannst áhugaverð. Við höfðum verið með svipaðar hugmyndir í kollinum en vorum komnir stutt á leið með að innleiða þær í kennslu. Kennsluaðferðin heitir Hugsandi skólastofa og á rætur sínar að rekja til kanadísks kennara að nafni Peter Liljedahl.

Hugsandi skólastofa gengur út á samvinnu nemenda við að leysa stærðfræðileg vandamál. Þessi vandamál kalla á að nemendur séu lausnamiðaðir og skapandi og krefjast þess vegna meira af nemendum heldur en hin hefðbundna aðferðafræði. Oftast vinna hóparnir saman standandi við tússtöflu eða glugga vopnaðir einum túss og tusku. Rannsóknir Liljedahl sýna að ef nemendur standa við vinnu sína eykur það virkni þeirra og hugsun við vinnuna og túss og tuska draga úr hræðslu nemenda við það að skrifa niður hugmyndir sínar þar sem það sem þau skrifa eða teikna er ekki eins endanlegt. Það ýtir undir að nemendur geri mistök, stroki út og endurhugsi vandamálið. Að auki eflir hugsandi skólastofa tjáningu nemenda þar sem þau útskýra hugsanir sínar fyrir samnemendum og kennara þar sem kennari styður vinnu þeirra með spurningum hvort sem þær eru til þess að koma nemendum úr föstu spori eða til þess að dýpka skilning þeirra.



Nemendur unglingastigs hafa í vetur unnið mikið í hugsandi skólastofu í stærðfræðitímum. Við stærðfræðikennararnir ákváðum að þróa kennslu okkar og taka upp þessa kennsluaðferð þar sem hún hefur marga kosti í för með sér og gefur tækifæri á að efla mismunandi hæfni hjá nemendum hvort sem það tengist hæfniviðmiðum aðalnámsskráar eða lykilhæfni skólans. Vinnan hófst fyrir 2 árum síðan og hefur sú vinna gengið vel þrátt fyrir ákveðna hnökra í upphafi þar sem nemendum reyndist erfitt að aðlagast breytingum og læra að læra á nýjan hátt.

Miklar framfarir hafa sést hjá nemendum í hugsandi skólastofu sem og í hugarfari þar sem samhliða kennsluaðferðinni höfum við unnið með vaxtarhugarfar (growth mindset). Í vetur höfum við séð miklar framfarir hjá þeim nemendum sem hvað lengst hafa unnið í hugsandi skólastofu. Öryggi þeirra í að setja fram vinnu sína á tússtöfluna og rökræða við samnemendur hefur aukist mikið og gaman er að sjá hversu djúpt þau geta kafað í flókin verkefni á sínum eigin forsendum. Því teljum við að þessi kennsluaðferð muni gefa nemendum mörg mismunandi verkfæri í það sem þau munu taka sér fyrir hendur eftir útskrift. Í umsögnum nemenda um hugsandi skólastofu kemur segir Anna Laufey Gestsdóttir m.a: „Þegar við vorum fyrst kynnt fyrir hugsandi skólastofu verð ég að viðurkenna að ég var ekki spennt. Ég var óvön að vinna með mismunandi fólki í stærðfræði og var satt að segja ekki opin fyrir því. Sem sýnir bara hvað þessi liður í stærðfræði hefur hjálpað mér að bæta mig. Hugsa út fyri kassann, þolinmæði, hugstormun og að segja mínar hugmyndir. Allt er þetta eitthvað sem lýsir því sem hugsandi skólastofa hefur kennt mér og mun nýtast mér virkilega.“

*Ólína Þorleifsdóttir*
*skólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn.*




# SLIPPFÉLAGIÐ OPNAR Á SELFOSSI



Við opnum nýja og glæsilega málningarvöruverslun ***fimmtudaginn 1. júlí*** á Selfossi við Austurveg 58 *(áður Tiger)*.

**Ragnar Hólm Gíslason** málarameistari og verslunarstjóri okkar tekur vel á móti þér ásamt starfsfólki.
*Það er heitt á könnunni og við hlökkum til að sjá þig!*

**SLIPPFÉLAGIÐ**
Austurvegi 58
Selfossi
Sími: 482 1250

Opið:
**8-18** virka daga
**10-14** laugardaga

**slippfelagid.is**

SLIPPFÉLAGIÐ

# íþróttir

## Þór Þorlákshöfn Íslandsmeistarar 2021

**KÖRFUBOLTI** Þór Þorlákshöfn tryggði sér fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta í sögu félagsins á föstudaginn. Þeir lögðu Keflavík 81-66 í fjórða leik úrslitaeinvígis liðanna í Dominos-deildinni, og unnu þar með einvígið 3-1. Leikurinn einkenndist, líkt og fyrri leikir liðanna, af mikilli hörku og er hægt að fullyrða að leikmenn hafi skilið allt sitt eftir á vellinum.

Keflvíkingar byrjuðu leikinn sterkari og virtust staðráðnir í að knýja fram oddaleik á sunnudeginum. En Þórsarar voru aldrei langt undan og náðu í miðjumannan leikhluta að jafna stöðuna. Í seinni hálfleik voru Þórsarar alltaf skrefi á undan Keflvíkingum og náðu þeir svo endanlega að slíta þá frá sér um miðjan fjórða leikhluta. Gestirnir reyndu hvað þeir gátu til að komast aftur inn í leikinn en heimamenn héldu sínu striki. Þegar tvær mínútur voru til leiksloka var ljóst að Keflvíkingar myndu ekki ná að koma í veg fyrir góðan sigur Þórsara. Mikil fagnaðarlæti brutust út í Icelandic Glacialhöllinni þegar tíminn rann út og fyrsti Íslandsmeistaratitill félagsins í körfubolta orðin staðreynd.



*Það var mikið fagnað þegar bikarinn fór á loft. Mynd: Bára D. Kristinsdóttir.*

Atkvæðamestur í liði Þórsara, ásamt því að vera valinn verðmætasti leikmaður úrslitakeppninnar, var Adomas Drungilas, en hann skoraði 24 stig í leiknum og tók 11 fráköst. Larry Thomas átti einnig stórleik og skilaði þrefaldri tvennu með 11 stig, 12 fráköst og 11 stoðsendingar. Aðrir atkvæðamiklir í liði Íslandsmeistaranna voru Styrmir Snær Þrastarson, með 17 stig, og Davíð Arnar Ágústsson, með 15 stig (allt 3ja stiga körfur).

Til hamingju Þór Þorlákshöfn og allir Þorlákshafnarbúar!

## HSK/Selfoss sigraði á MÍ 11-14 ára

**FRJÁLSAR** Lið HSK/Selfoss sigraði örugglega í stigakeppni Meistaramóts Íslands í frjálsum íþróttum 11-14 ára sem fram fór á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum helgina 19. - 2. júní. Keppendur frá HSK/Selfoss unnu fimmtán Íslandsmeistaratitla.

HSK/Selfoss sendi öflugt lið á mótið og sigraði í heildarstigakeppninni með 745 stig. FH varð í öðru sæti með 467 stig. HSK/Selfoss sigraði einnig stigakeppnina í flokkum 12 ára stúlkna, 14 ára stúlkna, 13 ára pilta og 14 ára pilta. Krakkarnir í HSK/Selfoss unnu sem fyrr segir fimmtán gullverðlaun en auk þess fjórtán silfurverðlaun og fjórtán bronsverðlaun.

Þorvaldur Gauti Hafsteinsson varð Íslandsmeistari í 600 m hlaupi, Hjálmar Vilhelm Rúnarsson sigraði í spjótkasti og kúluvarpi. Ívar Ylur Birkisson vann sömuleiðis tvo Íslandsmeistaratitla í 80 m grindahlaupi og í hástökki. Þá varð Emil Vilbergsson Íslandsmeistari í kúluvarpi.

Bryndís Embla Einarsdóttir varð fjórfaldur Íslandsmeistari er hún sigraði í 600 m hlaupi, í hástökki, kúluvarpi og spjótkast. Helga Fjóla Erlendsdóttir tvöfaldur Íslandsmeistari, hún sigraði í 60 m hlaupi og í langstökki. Ísold Assa Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari í kúluvarpi, Adda Sóley Sæland varð Íslandsmeistari í 600 m hlaupi og Þórunn Eyland Gunnarsdóttir varð Íslandsmeistari í spjótkasti. *-Sunnlenska.is/gks*



*Lið HSK/Selfoss fagnar sigri á mótinu. Ljósmynd: Sunnlenska.is/Guðmundur Karl Sigurdórsson*

## Fyrsti heimasigur Selfyssinga

**KNATTSPYRNA** Selfoss vann afar mikilvægan sigur á Víking frá Ólafsvík þegar liðin mættust í Lengjudeildinni á laugardag. Átta mörk voru skoruð í leiknum og komu sex af þeim í fyrri hálfleik.

Hrvoje Tokic skoraði fyrstu tvö mörk leiksins og komu þau bæði eftir glæsilegan undirbúning Gary Martin. Gestirnir minnkuðu muninn í 2-1 áður en Kenan Turudija setti boltann í netið eftir krafl inni í vítateig Víkinga. Tokic innsiglaði þrennuna stuttu fyrir hálfleik þegar hann setti boltann í netið af vítapunktinum. Víkingar náðu að klóra í bakkann rétt fyrir hálfleik og staðan því 4-2 þegar liðin gengu til búningsherbergja.



*Hrvoje Tokic setti þrennu gegn sínum gömlu félögum frá Ólafsvík. Ljósmynd: Hrefna Morth*

Ekki var mikið búið af síðasti hálfleik þegar gestirnir minnkuðu muninn enn frekar í 4-3. Eftir það sóttu Víkingar meira en það var ekki fyrr en á 90. mínútu leiksins sem að Gary gerði endanlega út um leikinn þegar hann skoraði fimmta mark Selfyssinga. Lokatölur á JÁVERK-vellinum 5-3, Selfossi í vil.

Sigurinn, sem var sá fyrsti á heimavelli í sumar, var afar kærkominn enda liðin að berjast í neðri hluta deildarinnar.

Næsti leikur liðsins er á morgun, 1. júlí, en þá fer liðið til Eyja og mætir ÍBV klukkan 18 á Hásteinsvelli. *-Umf. Selfoss/ahm*









## Tinna Sigurrós og Vilius valin best

**HANDBOLTI** Lokahóf handknattleiksdeildar Selfoss fór fram í sumarblíðu á Hótel Selfoss laugardagskvöldið síðastliðið. Kátt var á hjalla og gleðin var ótakmörkuð af sóttvarnarreglum. Dagskráin var með hefðbundnu sniði og var veislustjóri kvöldsins Gunnar okkar Sigurðarson. Í hófinu voru veitt einstaklingsverðlaun fyrir meistaraflokka og U-liðið auk þess sem félagi ársins var valinn og aðrar viðurkenningar veittar.

Tinna Sigurrós Traustadóttir var valin besti leikmaður meistaraflokks kvenna auk þess að vera markadrottning og sóknarmaður ársins. Vilius Rasimas var valinn besti leikmaður meistaraflokks karla. Þá var Andri Dagur Ófeigsson valinn besti leikmaður U-liðsins auk þess að vera markakóngur liðsins. Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir var valin efnilegasti leikmaður og varnarmaður ársins, en Ísak Gústafsson var valinn efnilegastur karlamegin og Tryggvi Þórisson varnarmaður ársins. Hergeir Grímsson var sóknarmaður ársins og baráttubikarinn fengu þau Atli Ævar Ingólfsson og Katla Björg Ómarsdóttir. Einnig fékk Sölvi Ólafsson viðurkenningu fyrir 100 leiki spilaða fyrir félagið.

Selfoss TV var valið félagi ársins en þeir Árni Þór Grétarsson og Brad Egan tóku við viðurkenningunni, enda hausinn og hjartað í útsendingum Selfoss TV. Selfoss TV hefur verið öflugt í allmörg ár núna, en í ástandinu í vetur þegar íþróttahús landsins voru lokuð áhorfendum hefur mikilvægi Selfoss TV aldrei verið meira. Strákarnir á Selfoss TV öxluðu þá ábyrgð og sendu beint frá öllum heimaleikjum meistaraflokkanna sem ekki voru á Stöð 2 Sport, U-liðanna ásamt flestum leikjum þriðja og fjórða flokks. Alls voru þetta 56 útsendingar sem rúmlegar fimmtíu þúsund manns hafa horft á.

Nánari upplýsingar um viðurkenningar má finna á vefsíðu félagsins www.selfoss.net.

Við óskum öllum verðlaunahöfum innilega til hamingju.

*-Umf. Selfoss/esó*




*Ljósmyndir: Umf. Selfoss.*

UMF ÞÓR

# TIL HAMINGJU MEÐ ÍSLANDSMEISTARATITILINN!

ÖLFUS

BORG
Byggingafélag

RAMMI

Kjörís

SMYRIL LINE CARGO

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Coca-Cola

HOFLAND
Eatery

RAFVÖR EHF
UNUBAKKI 3 · 815 ÞORLÁKSHÖFN

SB SKILTAGERÐ

BM·VALLÁ

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

# „Mikil samvinna, samheldni, vinátta og fórnfýsi er það sem einkennir starfið“

Fölskvalaus gleði braust út á meðal stuðningsmanna, leikmanna og baklands Þórs Þorlákshafnar þegar úrslit urðu ljós eftir hörkuleik við lið Keflavíkur. Fagnað var í Ölfusinu öllu svo undir tók í fjöllunum. Víðar var fagnað á Suðurlandi og sjá mátti á samfélagsmiðlum að sunnlendingar fögnuðu og samglöddust með Þór, enda í fyrsta skipti sem Íslandsmeistaratitill í körfuknattleik kemur á Suðurland í meistaraflokki karla. Eftir að leikurinn var flautaður af, og fólk náði að lenda hafði Dagskráin samband við Lárus Jónsson, þjálfara liðsins og Jóhönnu Margréti Hjartardóttur, formann körfuknattleiksdeildar Þórs. Það má segja að Þór sé að uppskera eins og til hefur verið sáð en deildin stendur sterk að vígi með öflugu yngriflokkastarfi og valinn mann í hverju horni.

### Mikilvægt sjálfboðaliðastarf og öflugt yngriflokkastarf er það sem stendur upp úr

*Hvernig var tilfinningin að leik loknum?* „Gríðarleg gleði sem var rosalega gaman að deila með fólkinu í Þorlákshöfn. Gleðin færðist í lystigarðinn þar til laganna verðir komu og skökkuðu leikinn, en þá var ákveðið að færa hamingjuna í Ráðhúsið,“ sagði Lárus í samtali við blaðið, en fagnað var fram á rauða nótt í Þorlákshöfn. *Nú var liðinu spáð níunda sæti í deildinni og þið endið sem Íslandsmeistarar, hvernig gerðist það?* „Við vorum ekkert að spá í hvar okkur var spáð í deildinni. Við notuðum spána sem hvatningu í úrslitakeppninni, en það er erfitt að segja hvort það hafi haft áhrif á okkar gengi.“ Þeir sem fylgst hafa með körfunni í vetur hafa eftir því tekið að liðsheild liðsins hafi verið áberandi, aðspurður um þetta segir Lárus: „Liðsheildin okkar byggir á einföldum gildum og mikilli vinnu í kringum þau. Strákarnir fóru yfir styrkleika og veikleika hvers annars eftir undirbúningstímabilið og það opnaði á umræður sem þeir gátu nýtt til þess að bæta sig sem leikmenn. Lykilinn að góðri liðsheild er að liðið tileinki sér gildin og vinni með þau á æfingum og fyrir og eftir leiki. Tími sem fer í að byggja upp liðsheild er mjög vanmetinn og líklega mikilvægari heldur en taktíski hlutinn af leiknum.“ Þegar talið berst að því hvað Lárusi finnst standa upp úr í starfinu hjá Þór í Þorlákshöfn stendur ekki á svari: „Sama fólkið hefur staðið í brúnni meira og minna í 20 ár og unnið gríðarlega mikilvægt sjálfboðaliða starf. Svo skiptir gríðarlega miklu máli að það eru mjög færir þjálfarar að kenna yngstu iðkendunum okkar því þeir leggja grunninn fyrir það sem koma skal. Þeir, ásamt okkar stuðnings fólki, eiga gríðarlega stóran hlut í þessum árangri. Mikill stöðugleiki í stjórn félagsins og þjálfun yngstu iðkenda stendur upp úr.“

### Allir bæjarbúar með bros á vör og sumir með tár á hvarmi

Eins og Lárus kom inn á hefur sama fólkið staðið í brúnni í 20 ár og unnið mikið hugsjónastarf. Við ræðum við formanninn Jóhönnu, sem staðið hefur í brúnni um árabil, um að titillinn sé loks kominn í hús. *Hvernig er tilfinningin?* „Tilfinningin er frábær og eiginlega ólýsanleg en það má með sanni segja að „hamingjan er hér“ um helgina eins og Jónas okkar Sig. syngur svo vel. Allir bæjarbúar eru með bros á vör og sumir með tár á hvarmi. Góðar kveðjur og hamingjuóskir berast til okkar frá stuðningsmönnum um allt land. Það er mín tilfinning að öll þjóðin hafi haldið með okkur Þórsurum,“ segir Jóhanna brosandi. *Nú er þetta mikil rós í hnappagatið að vinna svona titil. Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir félagið?* „Það má segja að titillinn sé viðurkenning til okkar allra í Ölfusinu og það góða starf sem hefur verið í körfuknattleiksdeild Þórs alveg frá upphafi. Ávallt hefur stór hópur sjálfboðaliða starfað með deildinni og hefur sá hópur stækkað núna síðustu ár. Á stórum stundum þegar þarf margar hendur þá finnum við sem erum í forsvari fyrir deildina hvað stuðningurinn er mikill og margir tilbúnir að leggja sitt að mörkum. Bæjarbúar eiga liðið og gleðjast saman sem skapar frábæran bæjarbrag.“ *Nú er þetta ekki í fyrsta skipti sem þið hafið bitist um bikarinn. Fannstu mun á þessari úrslitaviðureign miðað við úrslitaviðureignina 2012 við Grindavík?* „Já við vorum engan vegin tilbúin hugarfarslega að höndla velgengnina árið 2012 en það má segja að allir hafi verið mjög sáttir við silfur á þeim tíma. En við lærðum mikið þann vetur og í raun höfum við lært mikið undanfarin ár bæði af reynslumiklum þjálfurum og við stjórnarfólkið af öðrum félögum. Reynslan hefur kennt okkur að lykillinn að velgengninni er ekki bara frábært lið og topp þjálfari heldur þarf liðið góða umgjörð sem er samsett af sjálfboðaliðum og stuðningsmönnum í kringum sig sem eru tilbúnir að ganga í verkin með bros á vör. Góð samvinna er málið.“ Nú spyrjum við Jóhönnu, eins og Lárus, um hver sé lykillinn að velgengninni í góðu íþróttastarfi. „Hann er margþættur. Í grunninn þurfum við góða vel menntaða þjálfara sem vinna við að móta krakkana þannig að þeim líði vel á æfingum og í starfinu. Einnig þarf að vera góð samvinna við foreldra þannig að þeir læri hvað skipti mestu máli í íþróttastarfinu. Þeir foreldrar sem eru tilbúnir að taka þátt, sýna fórnfýsi og hafa áhrif á starfið eru þeir sem verða virkustu sjálfboðaliðarnir. Þessi samvinna skapar áhugasama iðkendur og foreldra sem vilja vinna og gefa af sér í starfinu,“ segir Jóhanna með áherslu. Aðspurð um einkenni starfsins í Þorlákshöfn segir Jóhanna: „Mikil samvinna, samheldni, vinátta og fórnfýsi er það sem einkennir starfið.“

### Áframhaldandi uppbygging fram undan

Aðspurður um framhaldið segir Lárus: „Loka tímabilinu, klára að semja við leikmenn fyrir næsta tímabil og njóta sumarsins.“ Jóhanna tekur undir og segir: „Ég sé fyrir mér áframhaldandi uppbyggingu á góðu starfi með góðu fólki þar sem margir eru tilbúnir að gera gott starf enn betra.“ *-gpp/brv*

*Ljósmyndir: Bára Dröfn Kristinsdóttir*













# Til hamingju Íslandsmeistarar!




Icelandic Glacial er stoltur styrktaraðili Þórs Þorlákshöfn
og óskar liðinu hjartanlega til hamingju
með Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik 2021.

Til hamingju með frábært tímabil og fyrsta Íslandsmeistaratitilinn!

ÍCELANDIC™
GLACIAL







# Slysavarnadeildin Sigurbjörg stofnuð í Þorlákshöfn

Til stendur að setja á fót Slysavarnadeildina Sigurbjörgu í Þorlákshöfn. Það eru þau Dagný Runólfsdóttir, María Ósk Jónasdóttir og Arek Kujoth sem standa að henni.. Deildin mun verða stuðningur við Björgunarsveitina Mannbjörgu en markmið félagsins eru meðal annars að halda fjáraflanir fyrir björgunarsveitina. Við ræddum við forsprakka verkefnisins um málið, en María, eiginkona Þorsteins, formanns björgunarsveitarinnar Mannbjargar hafði haft hugmyndina lengi í kollinum.

### Sjómannadagskaffið kom okkur endanlega af stað

„Ég hafði verið búin að hugsa þetta í nokkur ár. Það er svo ekki fyrr en það kemur þessi drífandi unga kona, hún Dagný, sem var í Björgunarsveitinni Ársæl í Reykjavík að ég lét slag standa. Við ákváðum í sameiningu að drífa verkefnið áfram og höfum auðvitað fengið frábæran stuðning frá Mannbjörgu og honum Arek,“ segir María. Allt ævintýrið byrjaði með sjómannadagskaffi sem haldið var í ár og nú er verkefnið að komast formlega á legg.

### Fyrst og síðast stuðningur við Mannbjörgu

Þegar Dagskráin ræddi við Maríu, Dagnýju og Arek kom fram að til stæði að halda stofnfund og þau vonuðust eftir að sjá mörg andlit á fundinum. Það þyrfti þó að koma fram að fólk gæti ávallt gengið í félagið. „Já, ég vonast til þess að þetta verði öflugur hópur en markmiðin eru að sinna slysavörnum, halda fjáraflanir og fleira. Allt til stuðnings Björgunarsveitinni Mannbjörgu. Þeir sinna mörgum og mikilvægum verkefnum á hverju ári og við viljum styðja þá og gera þeim lífið einfaldara. Ég hvet svo flesta til að taka þátt því það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi innan okkar banda. Við erum að leita af öllum frá 16 ára aldri. Nú er bara að skrá sig! -gpp






# Þakkir frá körfuknattleiksdeild Þórs Þorlákshöfn

*Strákarnir okkar eru Íslandsmeistarar í körfuknattleik 2021*

Íslandsmeistaratitill karlaliðs Þórs frá Þorlákshöfn er viðurkenning sem tilheyrir leikmönnum, þjálfurum, stjórn og öðrum sjálfboðaliðum, stuðningsmönnum, styrktaraðilum, bæjarfélaginu og jafnvel öðrum landsmönnum sem höfðu trú á strákunum okkar.



Þetta eru klárlega merk tímamót í 30 ára sögu deildarinnar sem byggðist upp af nokkrum áhugamönnum sem vildu skemmta sér saman. Enn erum við á sama stað að skemmta okkur saman, reyndar mun stærri hópur en hópurinn er samsettur af stórhuga sjálfboðaliðum sem vilja láta verkin tala til að skapa sem besta umgjörð um afreksfólkið okkar.

Þúsund þakkir öll – við erum sterkari saman og saman höldum við áfram að byggja upp starfið.

Áfram Þór í þúsund ár.

*Jóhanna M. Hjartardóttir,*
*formaður Körfukn.deildar Þórs*



# Íþróttamaður ársins 2020 í Rangárþingi eystra

Þorsteinn Ragnar Guðnason er íþróttamaður ársins í Rangárþingi eystra árið 2020. Þorsteinn Ragnar kynntist og byrjaði að æfa Taekwondó 9 ára gamall. Hann er meðal yngstu íslendinga sem fengið hafa svarta beltið í sinni íþrótt en þau hlaut hann 15 ára gamall. Í dag er hann bæði kominn með þjálfara og dómararéttindi. Þorsteinn er mjög einbeittur og einarður í að ná þeim markmiðum sem hann setur sér og hefur náð mjög langt í sinni íþrótt. Hann er í íslenska landsliðinu og sækir öll þau mót sem kostur er á, hvort sem er á Íslandi eða erlendis, og vinnur yfirleitt til gullverðlauna. Hann hefur einnig tekið þátt í norðurlandamótum og heimsmeistaramóti og staðið sig þar með mikilli prýði. Undanfarin tvö ár hefur Þorsteinn Ragnar stundað nám við íþróttabraut FSu. Hann er metnaðarfullur nemandi og leggur sig fram, auk þess liggja öll fög sem snúa að íþróttunum, næringu og líkamlegri sem og sálrænni styrkingu og markmiðssetningu einstaklega vel fyrir honum enda áhuginn brennandi.

Ásamt Þorsteini voru þau Andri Már Óskarsson, golfari, Þormar Elvarsson, knattspyrnumaður og Kasia Kosecka – Skorupka, hlaupari, tilnefnd til verðlaunanna.

Það var Páll Eggertsson, formaður Heilsu-, íþrótta- og æskulýðsnefndar sem að afhenti verðlaunin þann 17. júní sl.




# Laus störf í mötuneyti Rangárþings eystra

## Starfsmaður í eldhúsi

Laus er til umsóknar afleysingastaða til eins árs í mötuneyti Rangárþings eystra með möguleika á framtíðarstarfi. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi starfar undir stjórn forstöðumanns mötuneytis. Starfsstöðvarnar eru þrjár, Kirkjuhvoll, Hvolsskóli og Leikskólinn Örk.

Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á 8 klst vöktum sem eru morgunvaktir, síðdegisvaktir og helgarvaktir. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Menntun og færnikröfur:**
- Ágæt kunnátta í matreiðslu og bakstri.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Snyrtimennska og rík þjónustulund
- Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

## Helgarstarfsmaður aðra hverja helgi

Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er aðra hverja helgi á 8 klst. morgun- og síðdegisvöktum sem gæti hentað vel með skóla. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Menntun og færnikröfur:**
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Snyrtimennska og rík þjónustulund
- Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

**Helstu verkefni:**
Helstu verkefni starfsins eru aðstoð við matreiðslu, framreiðslu, frágang og þrif á þeirri starfsstöð sem við á.

**Fylgigögn með umsóknum:**
- Ferilskrá þar sem fram koma upplýsingar um menntun og starfsreynslu
- Upplýsingar um meðmælendur

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður mötuneytis á netfanginu bragi@hvolsvollur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí 2021 og skulu umsóknir berast á netfangið bragi@hvolsvollur.is ásamt umbeðnum fylgigögnum.

# „Hvar er saga þín geymd sýnd og sögð Selfoss“

**Björn Ingi Gíslason**

*Rakari á Selfossi*



Ég var að taka til hjá mér í gömlum blöðum sem er ekki í frásögur færandi, en þar rakst ég á tvær góðar greinar sem Guðni Ágústsson skrifar í blaðið Sunnlenska fyrir ellefu árum. Önnur greinin fjallar um hvenær Selfoss varð drottning, þ.e.a.s. hvað varð til þess að byggð fór að myndast við Ölfusárbrú. Hin fjallar um sögu Selfoss. Þar veltir hann því fyrir sér hvort ekki sé tímabært að saga Selfoss sé dregin upp úr skúffunni og gerð sýnileg, og spyr svo „Hvar er saga þín geymd, sýnd og sögð Selfoss“? Já, það má að mörg leyti taka undir með Guðna, sem á ekki síður við í dag. Það er nefnilega þannig að samfélag okkar Selfoss á sér orðið þó nokkra sögu þó ungt sé. Selfosshreppur var formlega stofnaður 1. janúar árið 1947, eru því 74 ár frá stofnun hreppsins. Með byggingu Ölfusárbrúar árið 1891, urðu hér þáttaskil, fór íbúum þá að fjölga og atvinnutækifæri að skapast. Það tók samt þó nokkurn tíma og langar samningaviðræður að stofna nýtt sveitarfélag. Ástæðan var sú að þrír hreppar sem áttu land að Ölfuárbrú þ.e. Sandvíkur-, Hraungerðis- og Ölfusshreppur urðu að láta af landi til að Selfosshreppur gæti formlega orðið til. Í bókinni *Saga Selfoss* segir að hér var að myndast fyrsta kauptún á Íslandi sem ekki var við sjó og er nú höfuðstaður Suðurlands. En árið 1987 samþykkti bæjarstjórn Selfoss að hafist yrði handa við að rita sögu Selfoss, var skipuð ritnefnd sem í sátu Páll Lýðsson, Þór Vigfússon og Guðmundur Kristinsson, sem ritstýrði verkinu. Síðar kom til liðs við nefndina Jón R. Hjálmarsson. Gefin voru út tvö bindi, það fyrra kom út árið 1991 og síðara það árið 1995. Til stóð að gefa út þriðja bindið sem ekki varð af. Í þessum bókum er að finna stórmerkilegar heimildir sem lýsa sögu og tilurð byggðar við Ölfusá frá landnámsöld til vorra daga, en tímabilið í síðari bókinni er til ársins 1960. Í bókunum er að finna mikinn fróðleik og góðar heimildir, Guðni bendir réttilega á sögulegar staðreyndir, minjar og merkra tímamóta sem fróðlegt væri að sýna og segja frá í máli og myndum.

En þá gæti einhver spurt, eigum við einhverja sögu? Er eitthvað áhugavert?

Já, svo sannarlega, grunnur að efni til úrvinnslu að stofnun t.d. sögusetur er úr ritverki Guðmundar Kristinssonar, *Saga Selfoss*. Þar má finna sögu Ölfusárbrúar, fyrri og síðari, þátt Tryggva Gunnarssonar, sögu Tryggvaskála, þegar þetta er ritað er Skálafélagið að opna sýningu í Tryggvaskála, sögu Hernámsins, sögu Kaupfélags Árnesinga, sögu Egils G. Thorarensen, sögu MBF, Mjólkurbús Flóamanna og mjólkuriðnaðarins, sögu dönsku mjólkurfræðinganna, sögu mjólkurbílstjóranna, sögu Hafnar, sögu Ölfusárflóðanna, sögu jarðskjálftanna frá 1896, konungskoman 1907, verslunarsaga í yfir eitt hundrað ár. Nefna má skólamálin, en tæp eitthundrað ár eru síðan barnaskóli var settur á stofn á Selfossi. Þannig má áfram telja, það er af nógu að taka. Þá er samtíma sagan þegar orðin merkileg. Hér voru og eru frumherjar af ýmsum toga sem verðskulda athygli og eiga sér sögu. Nefna má mörg starfandi félög hér í bæ sem eiga orðið áratuga sögu og afrek. Þá er saga hljómsveita frá Selfossi og dansleikja í Selfossbíói og Tryggvaskála áhugaverð. Í dag er á Selfossi ákveðin vísir að minjasafni eða sögusetri sem eru í einkaeigu eða í höndum opinbera aðila. Nefna má skálafélagið, sem er áhugamannafélag sem hefur kappkostað að halda utan um og varðveita sögu Tryggvaskála. Þá má nefna einkasafn Einars Elíassonar um hernámsárin sem hann hefur unnið að af einstökum áhuga og elju, mjög áhugavert safn sem verðskuldar athygli. Þá er safnið um heimsmeistarann í skák Bobby Fischer mjög athyglisvert, magnað safn. Héraðsskjalasafn Árnesinga heldur utan um myndasafnið Saga- Selfoss sem er mjög áhugavert og vaxandi. Hér er starfandi ýmis áhugamannafélög eins og um fornbíla sem hafa staðið fyrir bílasýningum á Selfossi mörg undanfarin ár. Þá má hafa það í huga að stórhluti af sögu KÁ, er varðveittur austur á Hvolsvelli í kaupfélagssafninu þar. Í dag er verið byggja nýjan miðbæ sem mun skipta miklu máli fyrir samfélagið og framtíð þess. Er þá eftir nokkru að bíða, er ekki tímabært að byrja að vinna í sögu Selfoss og gera hana aðgengilegri og sýnilega. Það er alveg ljóst að með auknum ferðamanna straumi má reikna með háværari óskum um frekari fróðleik um sögu Selfoss og uppruna. Hefjumst nú handa og byrjum, það mun styrkja samfélag okkar og framtíð. Sagan er nefnilega á fleygi ferð sem nútíminn verður að fá að fanga.

# Heiðursviðurkenning fyrir framlag til íþrótta- og æskulýðsmála

Á hátíðarhöldum vegna 17. júní á Hvolsvelli var þeim heiðurshjónum Ástu Laufey Sigurðardóttur og Ólafi Elí Magnússyni veitt sérstök heiðursviðurkenning vegna framlags þeirra til íþrótta- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu. Þau Ásta Laufey og Ólafur hafa unnið ötullega að íþróttastarfi barna og ungmenna í Rangárþingi eystra og verið óþreytandi í að gefa tíma sinn til þessara málefna hvort sem það er í gegnum starf íþróttafélagsins Dímonar eða í gegnum íþróttakennslu hjá Ólafi. T.a.m. hefur Íþróttaskóli Ólafs Elí fyrir tvo elstu árganga leikskólans verið í gangi á veturna í yfir 25 ár og fyrir þeirra tilstilli hafa íþróttir eins og frjálsar, blak, glíma og borðtennis náð vinsældum meðal íbúa í Rangárþingi eystra.



# Íbúar allra sveita sameinist gegn uppsetningu vindorkuvera

**Sveinn Rúnólfsson**

*fyrrverandi landgræðslustjóri.*



Vindorkan er auðlind sem er þjóðareign Íslendinga og á því að vera ráðstafað til nýtingar með sameiginlegum hætti alls staðar á landinu, það er að fjallað verði í rammaáætlun um öll fyrirhuguð vindorkuver. Því er fráleitt að einstaklingar, fyrirtæki eða einstaka sveitarstjórnir geti tekið sér rétt til að nýta þessa náttúruauðlind og valdið íbúum og náttúrunni skaða og óþægindum. Skaðað ferðaþjónustu og útivist og lækkað verð á fasteignum í þeim sveitarfélögum þar sem vindorkuver kunna að rísa. Það er engu líkara en hér geysi tísku faraldur í áhuga fyrirtækja og fjárfesta á að reisa hér vindorkuver. Á fjórða tug aðila hafa leitað til Orkustofnunar og óskað eftir heimild til að reisa vindorkuver. Svo virðist sem fjárfestar og aðrir vilji festa sér hagstætt stæði í landinu þrátt fyrir að undirbúningur margra þeirra virðist vera afar skammt kominn. En á hinn bóginn eru mörg vindorkuver fullhönnuð og fimm þeirra hafa hlotið afgreiðslu í 4. áfanga rammaáætlunar. Tvö þeirra voru sett í biðflokk, en þrjú í nýtingarflokk. Það vekur furðu hversu langt undirbúningur er kominn í uppbyggingu nokkurra vindorkuvera án þess að nokkur kynning hafi átt sér stað til sveitarstjórna og íbúa hlutaðeigandi byggða.

Meirihluti fyrirhugaðra vindorkuvera virðist vera í eigu erlendra fyrirtækja með hérlenda samverkamenn. Stórfellt erlent eignarhald á raforkuframleiðslu hér á landi hlýtur að vera umhugsunarvert fyrir stjórnvöld og þjóðina alla. Láta mun nærri að ef af öllum þessum vindorkuverum yrði, væri uppsett afl þeirra mun meira en öll raforkuframleiðslan í dag. Hvað á að gera við alla þessa orku og hverjir ætla að kaupa hana?

Margar rannsóknir sýna að ferðamenn sækja Ísland heim fyrst og fremst vegna upplifunar af lítt spilltri náttúru og víðerni. Verði farið út á þá braut að byggja hér vindorkuver þá mun verðmæt ímynd um vindmyllulaust land skaðast verulega. Ímynd sem verður æ verðmætari fyrir þjóðarbúið þegar fram líða stundir. Vindorkuverum fer nú ört fjölgandi í allri Evrópu og víðar um heim, þar sem verulegur skortur er á orku sem framleidd er með umhverfisvænni hætti. Við erum svo lánsöm að þurfa ekki á þessari lausn að halda hér á landi. Í vaxandi mæli eru vindorkuver erlendis staðsett á grunnsævi við strandríki vegna andstöðu íbúa sem verða fyrir barðinu á vindorkuverum í byggð. Vindmyllur eru alltaf mjög áberandi í landslagi og geta aldrei annað en haft mjög mikil sjónræn áhrif. Erlendis er talið að vindorkuverin, svipuð þeim sem nú eru fyrirhuguð hér á landi, sjáist í að minnsta kosti 40 km fjarlægð og jafnvel í allt að 50 km. Enda samsvarar hæð þeirra nærri þremur Hallgrímskirkjuturnum.

Vindorkuver hafa margvísleg áhrif, ekki bara á náttúruna og ásýnd lands heldur einnig á heilsu fólks, samfélög og atvinnugreinar sérstaklega ferðaþjónustu og útivist. Í allri þeirri hvatningu til nýtingar á vindorku sem kemur fram m.a. á Alþingi, virðist hvergi vera minnst á þá hættu sem fólki sem býr í nálægð vindorkuvera stafar af lágtíðnihljóði, tíðni hljóðbylgja og skuggatifi frá vindorkuverunum.

Staðsetning vindmylla og vindorkuvera í byggð hefur mikil og víðtæk búsetuáhrif. Hætt er við að fólk mun síður setjast að á þeim svæðum þar sem sveitarstjórnir kunna að heimila uppsetningu vindorkuvera og þeir sem fyrir eru munu frekar flýja þá staði ef þeir mögulega geta. Víti til varnaðar er uppsetning tveggja vindmylla fyrir nokkrum árum alveg við byggðina í Þykkvabæ, sem er elsta þorp landsins. Þær eru mun lægri en í fyrirhuguðum vindorkuverum. Þar með skaðaði sveitarfélagið útsýni eigin íbúa og ferðaþjónustu þeirra, og í nágrannasveitarfélögum. Hvers eiga íbúar Þykkvabæjar og nágrannabyggðanna að gjalda? Þrátt fyrir að vindmyllurnar hafi verið óstarfhæfar á síðustu misserum eru þær ekki fjarlægðar og eru öllum til ama sem líta þær augum. Samkvæmt erlendum rannsóknum þá leikur enginn vafi á því að þær hefðu haft heilsuspillandi áhrif á íbúa þeirra húsa sem næst þeim eru, ef þær hefðu haldið orkuvinnslu áfram. Íbúar Þykkvabæjar gleðjast þó yfir að gnýrinn frá þeim angrar þá ekki lengur.

Þær ánægjulegu fréttir hafa borist að sveitarstjórn Hörgársveitar hafnaði fyrirhuguðu vindorkuveri á Vindheimum og jafnframt öllum öðrum hugmyndum þar að lútandi. Enn fremur hefur Borgarbyggð hafnað í bili uppsetningu vindorkuvers á Grjóthálsi, en báðir þessir orkukostir fóru í nýtingarflokk í fjórða áfanga rammaáætlunar.

Nýlega lagði umhverfis- og auðlindaráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015–2026. Það virðist hins vegar vanta heildarsýn fyrir landið, það er engin tilraun gerð til þess að móta heildræna nýtingu vindorku á landsvísu.

Vegna hagsmuna ferðaþjónustunnar, útivistarfólks og allra náttúruunnenda er mjög mikilvægt að forðast að vindorkuver verði einkennandi landslagsfyrirbæri á Íslandi. Til þess að varðveita sérstöðu íslensks landslags er ljóst að það fyrirfinnst enginn staður hér á landi þar sem vindorkuver geta verið í sátt við náttúruna og okkur sjálf.

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahrepp og Grímsnes- og Grafningshreppur

## Aðalskipulagsmál

*Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

1. **Eyjarland L167649 – Landbúnaðarland í iðnaðarlóð – Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 24. júní 2021 að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst að landbúnaðarland á lóð Eyjarlands er breytt í iðnaðarsvæði til samræmis við núverandi notkun lóðarinnar. Á lóðinni er starfrækt seiðaeldisstöð með framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum.

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

2. **Skálabrekka Eystri og Skálabrekka Miðhluti, breyting á landnotkun**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 6. maí 2021 að auglýsa breytingar á aðalskipulagi sem tekur til Skálabrekku Eystri og Skálabrekku Miðhluta. Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði innan Skálabrekku Miðhluta, L170163 breytist í frístundasvæði og ný skilgreining frístundabyggðar innan jarðar Skálabrekku Eystri, L224848 þar sem flákar innan jarðarinnar eru sameinaðir í eitt samfellt svæði, stærð svæðisins helst óbreytt. Leitað var samþykkis Skipulagsstofnunnar fyrir auglýsingu breytinganna sem voru settar fram í tveimur aðskildum tillögum. Stofnunin gerði ekki athugasemd við auglýsingu skipulagsbreytinganna með fyrirvara um að málin væru sameinuð undir eina aðalskipulagsbreytingu. Brugðist var við umsögn Skipulagsstofnunnar fyrir auglýsingu.

*Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:*

3. **Hrosshagi 5 L228433 – Hrosshagi 5b, smábýli – Deiliskipulag**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 24. júní 2021 að kynna tillögu að deiliskipulagi sem tekur til Hrosshaga 5. Í deiliskipulaginu felst að landinu er skipt upp í tvær landeignir þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsum, útihúsum, hesthúsum og gestahúsum.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:*

4. **Krækishólar lóð L166421; Stækkun skipulagsreits; Deiliskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júní 2021 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Krækishóla lóð, L166421. Í breytingunni felst stækkun skipulagssvæðisins sem skal taka til spildunnar í heild sinni. Svæðið er skilgreint sem frístundabyggð í aðalskipulagi. Eftir breytingu verða 13 frístundalóðir innan deiliskipulagsins. Á hverri lóð er heimilt að reisa eitt sumarhús á allt að tveimur hæðum og 1 gestahús, samanlagt allt að 160 fm. Þar af er gestahús að hámarki 40 fm. Hámarkshæð sumarhúss í mæni er 6 metrar frá gólfplötu og 4 metrar á gestahúsi. Mænisstefna er frjáls og þakhalli á bilinu 0-45°.

5. **Vælugerðiskot L166404 og Þingdalur land L209949 – Deiliskipulag**
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júní 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag í landi Vælugerðiskots og Þingdals. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, reiðskemmu og vélaskemmu.

6. **Sviðugarðar land L210074; Deiliskipulag**
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júní 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag í landi Sviðugarða, L210074. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarreit innan landsins þar sem gert er ráð fyrir allt að 100 fm sumarhúsi, 40 fm gestahúsi og 25 fm geymslu.

7. **Ás 1 spilda 5 L204636, Ásgarður – Deiliskipulag**
   Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Áss 1 spildu 5, L204636. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu 200 fm frístundahúss, 70 fm gestahúss og 30 fm geymslu.

8. **Ártangi L168272 – Ný lóð og stækkun byggingarreits – Deiliskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Ártanga, L168272. Í breytingunni felst skilgreining á nýrri lóð og stækkun á byggingarreit.

9. **Stóranefsgata 4 L167678 – Breyting á þakhalla – Deiliskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 24. júní 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til deiliskipulags frístundabyggðar í landi Austureyjar I og III. Í breytingunni felst að rýmkaðar eru heimildir er varðar þakhalla innan svæðisins. Núverandi skilmálar gera ráð fyrir að þakhalli skuli vera á bilinu 14-60°. Eftir breytingu verði þakhalli innan svæðisins heimilaður 0-60°.

10. **Lækjarhvammur, Lóðir 4 og 5 – Deiliskipulag**
    Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 24. júní 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til lóða Lækjarhvamms 4 og 5 innan frístundasvæðis F20. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda innan lóðanna þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu sumarhúss, gestahúss að 40 fm og geymslu allt að 15 fm, innan hámarks nýtingarhlutfalls 0,03. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bókaði að óska ætti eftir endurnýjun á umsögn ráðuneytisins frá 2009 er varðar heimildir vegna fjarlægðar frá Grafará.

11. **Skálabrekka L170163, frístundasvæði – Deiliskipulag**
    Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 24. Júní 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Skálabrekku miðhluta, L170163. Í deiliskipulaginu felst m.a. að gert er ráð fyrir um 27 nýjum frístundalóðum á um 25 ha svæði auk þess sem skilgreindir eru byggingarreitir og byggingarheimildir innan svæðisins.

12. **Skálabrekka-Eystri L224848, frístundasvæði F10 – Deiliskipulag**
    Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. maí 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Skálabrekku-Eystri, L224848. Svæðið sem um ræðir er um 38,6 ha að stærð. Í deiliskipulaginu felst m.a. að gert er ráð fyrir 28 frístundalóðum innan svæðisins, nýtingarhlutfall lóða má ekki vera hærra en 0,03 en hámarks heildarbyggingarmagn húsa á lóðum má ekki fara umfram 300 fm. Innan lóða er heimilt að reisa auk frístundahúss, geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærri en 40 fm.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is . Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.asahreppur.is/ , https://www.blaskogabyggd.is/ , https://www.floahreppur.is/ og https://www.gogg.is/.

Aðalskipulagsbreytingar mál nr. 1 er kynnt frá 30. júní 2021 til og með 23. júlí 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 23. júlí 2021. Aðalskipulagsbreyting í lið 2 er auglýst með athugasemdafresti frá 30. júní 2021 til og með 13. ágúst 2021. Deiliskipulagstillaga í lið 3 er kynnt frá 30. júní 2021 til og með 23. júlí 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 23. júlí 2021. Deiliskipulagsmál í liðum 4 – 12 eru auglýst með athugasemdafresti frá 30. júní 2021 til og með 13. ágúst 2021. Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 13. ágúst 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

*Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.*

## Leikskóli á Hvolsvelli, Vallarbraut Jarðvinna - Útboð

VERKÍS

Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í ofangreint verk. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið geta nálgast útboðsgögn frá 05. 07. 2021 kl. 11 á útboðsvefnum https://mannvit.ajoursystem.is/. Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á vefsíðunni https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/.

**Lýsing á verkinu:**
Verkið fellst í að grafa grunn fyrir leikskólanum að Vallarbraut á Hvolsvelli, fylla í grunninn, ásamt greftri og fyllingum vegna vegs og bílastæða sem liggja innan lóðarmarka.

**Helstu magntölur eru áætlaðar:**

- Gröftur fyrir húsi - ca. 5000 $m^3$
- Fyllingar í húsgrunn - ca. 6000 $m^3$
- Gröftur fyrir vegi og bílastæðum - ca. 500 $m^3$
- Fyllingar undir veg og bílastæði - ca. 600 $m^3$
- Setja tengingar inn á steinsteyptar fráveitu- og regnvatns stofnlagnir í götu - 2 stk.
- Leggja steinsteyptar fráveitu- og regnvatnslagnir frá götu og inn fyrri lóðarmörk - ca. 35 m
- Koma fyrir steinsteyptum brunnum DN1000 mm inn á lóð - 2 stk.
- Leggja kaldavatnsheimæð frá götulögn inn fyrir lóðarmörk - ca. 5 m

Tilboðum skal skila fyrir kl. 14 þann 20. júlí 2021 með rafrænum hætti gegnum útboðsvefinn. Bjóðendum verður tilkynnt eftir lok tilboðsfrests um nöfn bjóðenda og heildartilboðsfjárhæð. Áætluð verklok eru 15. október 2021.



## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.*

**Lambafell – Deiliskipulagstillaga**
Um Um er að ræða nýtt deiliskipulag, um 6,0 ha að stærð, fyrir hluta jarðarinnar Lambafell L163699 og Lambafell lóð 8 L200484. Skilgreind verður ein ný lóð, Lambafell 2 þar sem áformað er að reisa hótel með allt að 60 herbergjum fyrir allt að 130 gesti ásamt gestamóttöku, veitingasölu, aðstöðu fyrir starfsmenn auk heilsulindar. Lambafell lóð 8 verður stækkuð og útbúnir tveir byggingarreitir. Á byggingarreit B-01 er gert ráð fyrir 25 smáhýsum til útleigu með heildarbyggingarmagni allt að 350 m2. Á byggingarreit B-02 stendur gamla bæjarhúsið sem verður nýtt sem þjónustumiðstöð. Einnig verður heimild fyrir stækkun gamla íbúðarhússins um allt að 50 m2. Að auki er gert ráð fyrir allt að 50 m2 aðstöðuhúsi og baðaðstöðu.

**Völlur 1 – Deiliskipulagstillaga**
Um er að ræða nýtt deiliskipulag á ca. 22 ha svæði jarðarinnar Völlur 1. Gert er ráð fyrir alls 21 lóð undir frístundahús.

**Steinaborg og Fagurholt – Deiliskipulagstillaga**
Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir tvær frístundahúsalóðir. Annars vegar Steinborg sem er 3,7 ha og hins vegar Fagurholt sem er 2,1 ha. Innan lóðar Steinborgar er heildarbyggingarmagn allt að 740 m2 og að hámarki 5 hús. Innan lóðar Fagurholts er heildarbyggingarmagn allt að 420 m2 og að hámarki 3 hús.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 30. júní nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 11. ágúst nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

*F.h. Rangárþings eystra,*
*Guðmundur Úlfar Gíslason,*
*skipulags- og byggingarfulltrúi.*


# NPA setrið hefur göngu sína á Suðurlandi

NPA stendur fyrir notendastýrða persónulega aðstoð og er einn af valkostum þeirra sem þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Viðkomandi gerir þá þjónustusamning við sitt sveitarfélag, svo kallaðan NPA samning og hefur þá val um hvernig, hvar og af hverjum þjónustan er veitt. „Þetta er einmitt lykilatriði málsins. Það er frelsið sem einstaklingurinn öðlast og tækifæri til að vera þátttakandi í samfélagi á eigin forsendum til jafns við þá ófötluðu, segir Hafdís Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri NPA Seturs Suðurlands.

### Ráðgjöfin er mikilvægur þáttur í þessum málum

Þær stöllur, Hafdís og Inga Sveinbjörg Ásmundsdóttir, mannauðsstjóri NPA Seturs Suðurlands hafa samanlagt mikla reynslu af málaflokknum en þær eiga sjálfar fötluð börn. „Við höfum staðið í réttindabaráttu fyrir börn okkar í á þriðja áratug og höfum yfirstigið margar hindranir. Við höfum skynjað að fólki finnst flókið að stíga inn í NPA þjónustuna því hún er í raun rekin eins og fyrirtæki. Í slíkum tilfellum getum við veitt ráðgjöf til fólks sem er að velta þessum málum fyrir sér og tekið að okkur rekstrarhluta samninganna óski viðkomandi þess. Það er til mikils að vinna í auknum lífsgæðum fyrir þá sem búa við einhverskonar fötlun," segja Hafdís og Inga.

### Þátttaka í samfélaginu er öllum mikilvæg

Ég spyr þær um hver munurinn er fyrir notendur af NPA og hefðbundinni þjónustu fyrir fatlaða. „Það er himinn og haf. Tilbúið dæmi gæti verið að ákveðið væri að fara á leiksýningu. Sýningin er kannski frá 21 til 23. Akstursþjónustan hættir kl. 22 þannig að þú nærð hálfri sýningu og þarft þá að fara. Með NPA ferð þú hvenær sem þér hentar að fara því þinn aðstoðarmaður sér til þess að þú komist frá a til b og aftur til a þegar erindinu er lokið. NPA veitir fötluðum aukin tækifæri á því að taka þátt í samfélaginu með ríkari hætti og slík þátttaka er öllum mikilvæg," segir Inga.

### Markmiðið að einfalda þjónustuna

NPA setrið á Suðurlandi er þjónustufyrirtæki sem hefur stórar hugmyndir til framtíðar. „Markmiðið er að við munum sjá um að aðstoða fólk við reksturinn á NPA þjónustunni. Þannig að starfsfólkið vinnur hjá okkur og veitir notendum þjónustuna í anda hugmyndafræði NPA. Markmiðið er að para saman notendur og aðstoðarmenn. Við munum klæðskerasauma þjónustuna að hverjum og einum notanda miðað við hans þarfir og út frá hans óskum. Vinnuveitendaábyrgðin er svo okkar þannig að fólk þarf ekki að vera sérfræðingar í fyrirtækjarekstri til að njóta góðrar NPA þjónustu."

### Lítið fyrirtæki en stórt hjarta

Þær stöllur eru brattar og bjartsýnar með framtíðina. „Við ætlum okkur hægt af stað en erum komnar með tvo samninga nú þegar. Við erum lítið fyrirtæki með stórt hjarta og mikla þekkingu á málaflokknum. Við viljum hag þeirra sem þurfa á aðstoð að halda sem mestan. Það er kannski best að kynnast okkur á heimasíðunni npasetur.is. Það má svo alltaf bóka viðtal í ráðgjöf eða bara heyra í okkur hvort ekki sé eitthvað sem við höfum fram að færa til hagsbóta fyrir þá sem reiða sig á aðstoð í athöfnum daglegs lífs," segja Hafdís og Inga að lokum.

*-gpp*




DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Fáðu tilboð í auglýsingarnar
Auglýsingasíminn er 482 1944

# Lúðrablástur í Rangárþingi

Þann 12. júní sl. heimsótti Skólahljómsveit Kópavogs Tónlistarskóla Rangæinga og hélt tónleika í íþróttahúsinu á Hellu. Skólahljómsveitin var á ferðalagi um Suðurland og hafði samband varðandi möguleika á að halda tónleika í samstarfi við Tónlistarskóla Rangæinga. Skólinn tók svo sannarlega vel í það þar sem nú er hafin uppbygging á kennslu á blásturshljóðfærum við skólann. Undanfarin ár hafa ekki verið margir nemendur í námi á blásturshljóðfæri, nema kannski á þverflautu. Nú er hinsvegar áhersla í skólanum á að endurvekja Lúðrasveit Rangæinga og var þetta því kjörið tækifæri fyrir nemendur og aðra á svæðinu að sjá hvernig lúðrasveit getur verið.

Skólahljómsveit Kópavogs er ein stærsta skólahljómsveit landsins og einnig ein sú besta. Össur Geirsson hefur byggt upp frábært starf sem svo sannarlega var mikill heiður að fá í heimsókn. Dagskrá tónleikanna var heldur betur fjölbreytt og skemmtileg, allt frá Vivaldi yfir í kvikmyndatónlist og Þursaflokkinn. Elstu nemendur sveitarinnar léku einleik með hljómsveitinni, á piccoloflautu, klarínett og altó saxófón. Einnig lék básúnuoktett tvö lög inn á milli. Í lok tónleikana tók svo einn nemendanna við sprotanum frá Össuri og stjórnaði fyrri hluta uppklapps lagsins þar sem hún ætlaði svo að taka sóló í seinni hluta lagsins. Hún skemmti sér hinsvegar svo vel að hún gleymdi að rétta sprotann aftur á Össur og klúðraðist byrjunin á sólóinu en það gerði allt miklu skemmtilegra og byrjaði hún bara aftur og hljómsveitin beið!

Það er nefnilega allt í lagi að gera mistök og það er ein besta leiðin til að læra og þau kenna manni bara fleiri hluti en annars.

Hljóðfæraleikarar og gestir skemmtu sér alveg konunglega og það er það sem skiptir öllu máli. Ég vona svo sannarlega að þessi viðburður hafi kveikt einhvern áhuga á blásaranámi og að við getum boðið upp á fleiri svona viðburði fljótlega aftur.

Sandra Rún Jónsdóttir,
skólastjóri Tónlistarskóla
Rangæinga.



# Árborg samþykkir fimm milljóna styrk til Styttubandsins

Styttubandið var stofnað á sl. ári til að afla fjár til að reisa styttu af Agli Gr. Thorarensen. Heildarkostnaður við syttuna er um 20 milljónir. Styttan er nú þegar í steypingu í Bretlandi en henni er ætlað að rísa við vestanvert Sigtúnshúsið sem nú hefur verið endurbyggt í hinum nýja miðbæ á Selfossi. Fjölmargir aðilar hafa stutt verkefnið og lagt fé í styttuna. Árborg lagði til að fimm milljónum yrði veitt í styttuna. Stefnt er að því að styttan rísi um miðjan ágúst 2021. *-gpp*



*Mynd af Agli Gr. Thorarensen.*


## Öruggt íbúðarhúsnæði - sanngjörn kjör!



**Vegna síhækkandi fasteignaverðs er sífellt að verða þyngra að eignast sína fyrstu fasteign. Hátt leiguverð gerir láglaunafólki ómögulegt að safna fyrir útborgun í eigin húsnæði.**

Það á að heyra sögunni til að fólk þurfi að vera í öngum sínum um hver mánaðamót vegna sligandi húsnæðiskostnaðar. Öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum léttir óhóflegu vinnuálagi af launafólki og skapar því tíma og tækifæri til jafnari fjölskylduábyrgðar, aukinnar menntunar, fjölbreyttari tækifæra og innihaldsríkara lífs. Verkalýðshreyfingin hefur lagt sín lóð á vogarskálarnar í húsnæðismálum, en á sama tíma skortir heildarsýn af hálfu stjórnvalda.

**ASÍ fer fram á að stjórnmálaflokkar sem bjóða fram til Alþingis skýri áform sín í húsnæðismálum.**

ASÍ

**Það er nóg til**



## Tímabundnar stöður kennara við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Sveitarfélagið ÁRBORG

Tvær kennarastöður á unglingastigi eru lausar fyrir skólaárið 2021-2022 við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri. Um er að ræða tímabundnar ráðningar vegna árs leyfa. Um er að ræða umsjónarkennslu, teymiskennslu í íslensku, ensku og sérkennslu.

Í Barnaskólanum eru 140 nemendur í 1. – 10. bekk. Skólinn starfar á tveimur starfsstöðvum, yngra stig á Stokkseyri og eldra stig á Eyrarbakka. Sérstaða skólans felst í einstaklingsmiðaðri kennslu, skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, mikil áhersla lögð á góð samskipti, gott samstarf er við leikskólann og áhersla er lögð á góða samvinnu við nærumhverfið. Skólinn er Erasmus+ skóli, heilsueflandi grunnskóli og er í mikilli þróunarvinnu varðandi teymiskennslu, stafræna menntun, umhverfismennt og skólasýn. Skólinn er virkur þátttakandi í Lærdómssamfélagi Árborgar og í öflugu samstarfi við aðra grunnskóla í Árborg.

**Menntun og færnikröfur:**

- Leyfisbréf kennara og kennaramenntun
- Góð samskiptahæfni og færni í teymiskennslu
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla í ensku- og íslenskukennslu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Færni í að nota stafræna kennsluhætti

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Annast faggreinakennslu á unglingastigi samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda
- Umsjón með daglegu skólastarfi er varðar viðkomandi umsjónarhóp
- Er tengiliður umsjónarhóps innan skólans og við foreldra/forráðamenn
- Fylgjast með velferð nemenda, hlúa að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þeir fái notið sín sem einstaklingar
- Taka þátt í skólaþróun í samræmi við stefnu skóla og sveitarfélags

Nánari lýsingar á stöðunum er að finna á ráðningavef Árborgar www.arborg.is. Frekari upplýsingar veitir Páll Sveinsson, skólastjóri (pall@barnaskolinn.is) og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, aðstoðarskólastjóri (gudrun.bjorg@barnaskolinn.is) í síma 480 3200. Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí 2021. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Allar nánari upplýsingar um skólastarf BES er hægt að nálgast á heimasíðu skólans www.barnaskolinn.is og sveitarfélagsins www.arborg.is.



## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**
**Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.**

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

## BÍLAR

Klettur ehf.
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

AB Skálinn
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

## KIRKJUR

**Selfosskirkja**
Messað verður í Selfosskirkju sunnudaginn 4. júlí kl. 11. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Ester Ólafsdóttir leikur á orgelið og kirkjukór Selfosskirkju syngur. Verið öll hjartanlega velkomin.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**
Samkoma á sunnudögum kl. 11. English translation available. Bænastundir á þriðjudögum kl. 20. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is

**Aðventistar**
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 3. júlí. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Verið velkomin.

**Skálholtsdómkirkja**
Sunnudagur 4. júlí. Messa kl. 11. Ásta Soffía flytur tónlist af Sumartónleikum í messunni. Skírn og altarisganga. Jón Bjarnason organisti. Allir velkomnir. Sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup, þjónar fyrir altari og prédikar.

**Árbæjarkirkja**
„Harmoníkumessa" sunnudaginn 4. júlí kl. 14 og kirkjukaffi. Allir hjartanlega velkomnir.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
**Viltu vekja athygli á Suðurlandi?**
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.
**Sími 482 1944**
**auglysingar@dfs.is**



## ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga
Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

## ATVINNA

**Heimilisþrif**
Óska eftir einstaklingi til að sjá um heimilisþrif 1-2 í mánuði. Er staðsett rétt fyrir utan Selfoss. Nánari uppl. í síma 898 0332.

# Viðmið um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga lögfest með breytingu á sveitarstjórnarlögum



Alþingi samþykkti um síðustu helgi stjórnarfrumvarp Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Ein meginbreytingin felur í sér að stefnt skuli að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga verði ekki undir 1.000 manns.

Lagabreytingarnar í samræmi við markmið í stefnu í málefnum sveitarfélaga fyrir tímabilið 2019 til 2033 sem Alþingi hefur samþykkt. Markmiðið er að styrkja umgjörð og grundvöll sveitarstjórnarstigsins og tryggja að sveitarfélög geti sinnt lögbundinni skyldu sinni.

Markmiðið er að auka sjálfstjórn og sjálfbærni sveitarfélaga og efla sveitarstjórnarstigið í heild þannig að sveitarfélögin séu betur í stakk búin til að mæta margvíslegum áskorunum sem þau og samfélagið allt stendur frammi fyrir á hverjum tíma, sem og að sinna brýnum hagsmunamálum íbúanna.

„Við höfum nú náð samstöðu um að stefnt skuli að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga verði 1.000 manns. Það er nú í höndum sveitarfélaga hvernig þau geti best náð því markmiði og hafi styrk til að sinna lögbundinni grunnþjónustu. Sveitarfélög hafa sýnt frumkvæði og víða um land er sameiningum ýmist lokið eða þær verið samþykktar. Annars staðar eru viðræður í gangi. Það er eftirsóknarvert að við fáum færri og sterkari sveitarfélög en fjárhagslegur ávinningur samfélagsins af því er ómetanlegur. Með stuðningi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur einnig verið greitt verulega fyrir sameiningum," segir Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

### Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga

Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni skal nú stefna að því að lágmarksíbúafjöldi sé ekki undir 1.000. Ef íbúafjöldi er undir þeim mörkum við almennar sveitarstjórnarkosningar skal sveitarstjórn þess, innan árs frá þeim kosningum, leitast við að markmiðinu með því að:

- hefja formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög eða
- vinna álit um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Eftir þinglega meðferð var horfið frá því að ráðherra geti haft frumkvæði að sameiningu sveitarfélaga hafi sveitarfélögum ekki tekist að ná lágmarksíbúafjölda fyrir árið 2026.

ÚTBOÐ

## Þjónusta iðnaðarfólks

Sveitarfélagið Árborg

Sveitafélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið Þjónusta iðnaðarfólks í Árborg í samræmi við útboðsgögn.

Um er að ræða rammasamningsútboð þar sem leitað er tilboða í þjónustu iðnaðarfólks sem koma til með að taka að sér einstök verkefni í heild eða að vinna í verkefnum með starfsfólki Árborgar. Útboði er skipt upp í átta mismunandi flokka.

Útboðsgögn verða afhent í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 30. júní 2021. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

Frestur til að skila inn tilboðum er 16. 08. 2021 kl. 13.

https://arborg.ajoursystem.is/Tender#/tender/edit/42aeb363-0610-4ead-a581-42f02284928d/
0Notkunarleiðbeiningar umkerfiðmásjáhérhttps://help.ajoursystem.com/astopic/tender/

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.



*Arnar Helgi Lárusson hjólar fram hjá Skógarfossi.*

# 400 km á eigin handafli

Arnar Helgi Lárusson lauk hjólaferð sinni á Selfossi eftir að hafa hjólað um 400 kílómetra á með höndunum á sérútbúnu hjóli. Ferðin hófst á Höfn í Hornafirði en samkvæmt upplýsingum tókst ferðin vel og Arnar Helgi ánægður með árangurinn. Ferðin var farin til að vekja athygli á hreyfingu hreyfihamlaðra og í leiðinni safna peningum til kaupa á sérstökum fjallahjólum fyrir hreyfihamlaða. Hjólin vill svo Arnar lána til þeirra sem þurfa á þeim að halda. Arnar lenti í mótorhjólaslysi þegar hann var 26 ára gamall og lamaðist frá brjósti og niður eftir slysið. Hann hefur þó ekki látið það stoppa sig í afrekunum.

# Bergrisinn, surf- og strandarhátíð í Þorlákshöfn

Bergrisinn er einn af landvættunum fjórum, sá sem verndaði Suðurland og kom upp úr sjónum í fjörunni í Þorlákshöfn. Það er því vel við hæfi að Surf- og strandarhátíð Þorlákshafnar skuli bera nafnið Bergrisinn. Bergrisinn verður haldinn laugardaginn 3. júlí og er liður í dagskrá í tilefni af 70 ára afmæli þéttbýlis í Þorlákshöfn, en hátíðarhöld verða fyrstu helgi hvers mánaðar út árið af því tilefni. Dagskrá Bergrisans samanstendur af fjölmörgum viðburðum fyrir alla fjölskylduna þar sem fjölbreytt afþreying sem tengist fjörum, sjó og menningu verður í boði. Má þar nefna kynningu á bæði sjósundi og sjóbrettum, sjósund undir leiðsögn Ernu Héðinsdóttur.



*Lára og Sævar sonur hennar. Lára sér um sjóbrettakynninguna ásamt manni sínum Jóhannesi.*

Áhugasömum gefst kostur á að prófa sjóbretti í sundlauginni undir leiðsögn hjónanna Láru og Jóhannesar. Þá verður sandkastalagerð, fjöruhlaup og fjöru jóga í boði Jógahornsins, strandblak, listasmiðja við vitann og fleira. Prjónarar hvattir til að koma með prjónana sína og útilegustól að Hafnarnesvita kl. 16 og eiga þar góða prjónastund í kyngimögnuðu umhverfi. Kvöldið endar á matarvögnum frá Reykjavík Street Food og tónleikum við Hafnarnesvita þar sem tvær virkilega efnilegar hljómsveitir úr heimbyggð koma fram. Það eru hljómsveitirnar Moskvít og Sunnan 6 ásamt gestasöngkonunum Evu Þórey og Emilíu Hugrúnu. Allir viðburðir eru fólki að kostnaðarlausu fyrir utan matarvagna og aðgangseyri í sund. Verið hjartanlega velkomin á Bergrisann í Þorlákshöfn. Allar nánari upplýsingar eru á Facebook-síðunni Hamingjan við hafið.

SKIPULAGSMÁL

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélagið ÁRBORG

*Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að aðalskipulagi Árborgar:*

**Aðalskipulag Árborgar 2020 - 2036**
Sveitarfélagið Árborg hefur á yfirstandandi kjörtímabili unnið að heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Tillagan tekur til alls landsvæðis innan sveitarfélagsins og hvernig því er skipt niður í landnotkunarflokka. Opnir kynningarfundir verða haldnir á komandi hausti fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila.

*Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst til kynningar eftirfarandi lýsing deiliskipulagstillögu:*

**Múlabyggð - Deiliskipulagslýsing**
Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 24. júní 2021 að auglýsa til kynningar lýsingu að deiliskipulagi fyrir Múlabyggð, Sveitarfélaginu Árborg. Megináhersla deiliskipulagsins er að bjóða upp á stórar íbúðarlóðir í nálægð við þéttbýli þar sem heimilað verði meira byggingarmagn en tíðkast á íbúðarhúsalóðum í Árborg í dag. Skipulagið skiptist í tvo hluta þar sem annar hlutinn eða um 120 hektarar eru skipulagðir fyrir íbúðarhúsnæði. Hinn hluti skipulagsins er um 45 hektarar þar sem gert er ráð fyrir hesthúsabyggð og svæði fyrir hestatengda starfsemi.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:*

**Móskógar – Deiliskipulag**
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 9. júní 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Móskóga, Sveitarfélaginu Árborg. Tillagan tekur til byggingar á tveimur lóðum, hvor um sig um 1 ha, sem skipt er úr jörðinni Móskógum. Heimilt verður að byggja íbúðarhús, bílskúr og skemmu á hvorri lóð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammmi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Mál 1 og 2 eru í kyningu frá 30. 06. 2021 til og með 14. 07. 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 14. 07. 2021.

Mál 3 er auglýst með athugasemdafresti frá 30. 06. 2021 til og með 11. 08. 2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 11. 08. 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is.

*Anton Kári Halldórsson,*
*skipulagsfulltrúi Árborgar.*

## Auglýsing á skipulagstillögum í sveitarfélaginu Ölfusi

ÖLFUS

Eftirtaldar skipulagstillögur voru nýlega samþykktar til auglýsingar af bæjarstjórn Ölfuss í samræmi við 2. málsgrein 36. greinar og 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010

**Tillaga um breytingu á deiliskipulagi hafnar í Þorlákshöfn**
Tillaga um breytingu á deiliskipulagi hafnar í Þorlákshöfn var samþykkt til auglýsingar skv. 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 á 292. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss þann 24. 6. 2021.
Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að Suðurvararbryggju verði snúið um 35° við endurnýjun hennar, Suðurvarargarður verði lengdur til austurs um 200 m og einnig eru gerðar breytingar á lóðum og lóðarmörkum innan skipulagssvæðisins.

**Deiliskipulagstillaga fyrir Hellu- og Holtagljúfur**
Deiliskipulagstillaga fyrir Hellu- og Holtagljúfur, í Gljúfurárholti, reit Í10 í dreifbýli Ölfuss var samþykkt til auglýsingar skv. 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 á 288. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss þann 25. 2. 2021.
Tillagan gerir ráð fyrir 60 íbúðum á 40 lóðum í einbýlis- og parhúsum. Samhliða auglýsingu á deiliskipulagi er auglýst óveruleg breyting á aðalskipulagi.
Tillögurnar verða til kynningar á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss frá 30. júní til 12. ágúst 2021. Frestur til að gera athugasemdir er frá 30. júní til 12. ágúst 2021. Athugasemdir má senda í tölvupósti á netfangið skipulag@olfus.is eða skriflega á Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

**Óveruleg aðalskipulagsbreyting fyrir Hellu- og Holtagljúfur í reit Í9** í Gljúfurárholti í dreifbýli Ölfuss var samþykkt á 292. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss þann 24. 6. 2021 í samræmi við 2. málsgr. 36 greinar skipulagslaga.
Fjölda íbúða er breytt úr 40 í 60 vegna ósamræmis í skipulaginu sem er leiðrétt með breytingunni. Fjöldi lóða og nýtingarhlutfall breytist ekki.
Samhliða auglýsingu um óverulega breytingu á aðalskipulagi er auglýst deiliskipulagstillaga þar sem gert er ráð fyrir 60 íbúðum í einbýlis- og parhúsum.

*Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi.*

# DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2604 Miðvikudagur 30. júní 2021




# Hveragerðisbær kaupir Öxnalækjarland

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar var lagt fram minnisblað vegna kaupa bæjarins á Öxnarlækjarlandi. Alls er verið að kaupa 96,6 ha auk þess um það bil 12% eignahlut í félagi sem á landspildur neðan við þjóðveg, samtals 13,3 ha. Fram hefur komið að því landi fylgi bæði veiði og jarðhitaréttindi sem og dæluhús. Alls er kaupverðið 84 m.kr. fyrir landið, hlutinn í félaginu og öllum þeim réttindum sem því fylgja. Lögmönnum bæjarins hefur verið falið að ganga frá kaupunum.

### Verðmæti falin í landinu fyrir Hveragerðisbæ

Í umsögn sinni segir bæjarstjórn: „Með kaupum á þessu svæði mun Hvergerðisbær einfalda allt utanumhald skipulagsmála en flókið eignarhald á reitum innan bæjarmarka hefur torveldað mjög skipulagningu á þessum hluta bæjarfélagsins. Augljóst er að til framtíðar eru í landinu falin mikil verðmæti fyrir Hveragerðisbæ, bæði hvað varðar uppbyggingu og útivist eins og farið er yfir í minnisblaði bæjarstjóra.“

### Hugsum til langrar framtíðar

Í samtali við Aldísi Hafteinsdóttur, bæjarstjóra Hveragerðisbæjar, kemur fram að það sé afar jákvætt að bæjarfélagið fari með eignarhald á þessu svæði ekki síst til þess að geta af krafti framfylgt þeirri stefnumörkun sem mörkuð hefur verið í aðalskipulagi og framtíðarsýn bæjarstjórnar um uppbyggingu þar. „Bæjarstjórn vill hugsa til langrar framtíðar en ekki tjalda til einnar nætur. Á efra svæðinu er bæði vatnsverndarsvæði og skógrækt og ríkir möguleikar til útivistar sem tengjast uppbyggingu ferðaþjónustu í dalnum ofan við Hveragerði sem mikilvægt er að bæjarfélagið geti stýrt milliliðalaust. Með kaupum á hlut í landspildum neðan þjóðvegar standa vonir til að hægt verði að liðka fyrir uppbyggingu á því svæði en þar eru ríkir möguleikar til stækkunar á byggingarsvæðum þar sem uppbygging er nú þegar í gangi. Þar eru einnig hagsmunir vegna vatnsverndar sem mikilvægt er að haldið sé utan um af festu. Með því að eignast hlut í því félagi sem þarna á stóra spildu verður mögulegt að hafa áhrif á nýtingu hennar til framtíðar. Slíkt mun vonandi auðvelda framtíðar uppbyggingu á svæðinu,“ segir Aldís. *-gpp*

## Bláskógabyggð eykur fjármagn til viðhalds á eignum sveitarfélagsins

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur samþykkt að mála og sinna viðhaldi á tveimur fasteignum sveitarfélagsins. Um er að ræða íþróttahúsið á Laugarvatni, grunnskólann í Reykholti. Í samtali við Helga Kjartansson, oddvita Bláskógabyggðar kom fram að mikilvægt hafi verið að fara í þessi málningarverkefni svo viðhald þessa fasteigna væri viðunandi. „Ástandið á íþróttahúsinu á Laugarvatni er sýnu verst en sveitarfélagið fékk þá fasteign í gjöf frá ríkinu þegar kennsla í íþrótta- og heilsufræði færðist frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Þessi málningarverkefni voru ekki á fjárhagsáætlun ársins en ákveðið hafi verið að fara í þessi verkefni svo húsin fari ekki að liggja undir skemmdum en það getu verið mjög dýrt að fresta viðhaldi,“ sagði Helgi í samtali við blaðið. *-gpp*


FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Par sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 Skrifstofa
696 2311 Þjónustusími

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

D·H BÓKHALD
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Stofnun fyrirtækja
Framtöl og ársreikningar
Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

FYLGD
Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is